

Selfoss-Þorlákshöfn
66 kV jarðstrengur og ljósleiðari
Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning jarðstrengs og ljósleiðara frá Selfoss til Þorlákshafnar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélaganna Árborgar og Ölfuss skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Gera þarf breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaganna áður en framkvæmdaleyfi er gefið út. Framkvæmdin er einnig háð leyfi Orkustofnunar skv. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og leyfi Vegagerðarinnar fyrir lagningu jarðstrengs á skilgreindu veghelgunarsvæði samkvæmt vegalögum nr. 80/2007.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 2. desember 2013.

Reykjavík, 31. október 2013

INNGANGUR

Þann 20. ágúst 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti um lagningu jarðstrengs frá Selfossi til Þorlákshafnar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits sveitafélagsins Árborgar, sveitarfélagsins Ölfuss, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá sveitarfélaginu Árborg með tölvubréfi dags. 20. október 2013, sveitarfélaginu Ölfus með bréfi dags. 27. september 2013, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 19. september 2013, Minjastofnun Íslands með bréfum dags. 26. september og 24. október 2013, Orkustofnun með bréfi dags. 25. september 2013, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 17. september 2013 og Vegagerðinni með bréfi dags. 18. september 2013.

Frekari upplýsingar bárust frá Landsneti með tölvubréfum dags. 24. september 2013 og 23. október 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Landsnet undirbýr lagningu 66 kV jarðstrengs og ljósleiðara milli Selfoss og Þorlákshafnar. Tilgangur framkvæmdarinnar er að koma á hringtengingu á svæðinu og auka þannig afhendingaröryggi raforku þar.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir séu innan tveggja sveitarfélaga, Árborgar og Ölfuss en alls sé jarðstrengurinn u.þ.b. 28 km langur, og muni að hluta liggja samsíða Eyrarbakkegi nr. 34. 66 kV jarðstrengur sé settur saman af þremur einleiðurum, einum fyrir hvern fasa, og sé hver þeirra um 7-8 cm í þvermál. Grafinn verði skurður fyrir strengina niður á um 1,3 m dýpi, botninn þakinn sandi eða fíngerðu efni og strengjunum komið fyrir á skurðbotninum með þríhyrningsuppröðun. Þeir eru síðan þaktir fíngerðu efni og öryggisborði settur yfir til varnar. Ljósleiðari verði lagður í skurðinn með jarðstrengnum.

Fram kemur að Rarik hafi lagt 66 kV jarðstreng frá tengivirki við Austurveg á Selfossi að suðurmörkum bæjarins og liggi fyrirhugaður jarðstrengur samsíða þeim streng og síðan meðfram Langholti og Suðurhólum að Eyrarbakkegi. Gert sé ráð fyrir að strengurinn liggi síðan meðfram Eyrarbakkegi að vestan frá Björk, sunnan Selfoss og að Tjarnabyggð í um 17-29 m fjarlægð frá miðlínu vegarins. Strengurinn liggi því næst meðfram reiðvegi austan Tjarnabyggðar allt að Hreppamarkaskurði, þveri síðan skurðinn og liggi meðfram honum til vesturs, um tveggja km leið vestur fyrir veg að Flóagafllshverfi. Jarðstrengurinn liggi því næst til að langri girðingu, meðfram henni til suðvesturs og fylgi síðan slóðum að Eyrarbakkegi, skammt austan Óseyrarbrúar. Gert sé ráð fyrir að strengurinn liggi í ryðfríum stökk utan á burðarbita brúarinnar, eða undir kanti hennar. Fram kemur að vestan við Óseyrarbrú verði strengleiðin meðfram Eyrarbakkegi að sunnanverðu á um 4,6 km kafla en sveigi svo til suðvesturs og fylgi ljósleiðara og slóða yfir sandinn að golfvelli, þveri Þorlákshafnarveg og liggi vestan hans að Suðurstrandarvegi og síðan meðfram honum að norðanverðu að tengivirki.

Í framlögðum gögnum Landsnets kemur fram að jarðstrengsleiðin liggi að mestu leyti samsíða vegi, eða í grennd við veg eða ökuslóða, svo að slóðagerð með ofaniburði verði að öllu jöfnu fremur lítil. Á þessu stigi sé hins vegar ekki ljóst hvar leggja þurfi slóða meðfram jarðstrengslögninni en þó sé ljóst að leggja þurfi malarborinn slóða, eða styrkja slóða sem fyrir sé einkum á kaflanum meðfram Hreppamarkaskurði og áfram að Eyrarbakkegi austan Óseyrarbrúar. Gera megi ráð fyrir að að leggja þurfi slóða meðfram um 60% af leiðinni en ekki sé vitað hversu mikill hluti þessara slóða verði varanlegur. Gera sé ráð fyrir að slóðinn verði um 4-5 m breiður og um 40 cm þykkur. Fram kemur að efnistaka úr námum verði nokkur og verði sett skilyrði í útboðsgögn um að verktakar taki efni úr námum sem séu með tilskilin leyfi. Að öðru leyti verði notast við uppgröft úr skurði til uppfyllingar eftir jarðstrengslögnina. Í lok verks verði gengið frá yfirborði lands á jarðstrengsleiðinni og gert ráð fyrir sáningu í sárin þar sem land sé gróið og að tegundaval verði í samráði við gróðursérfræðing.

Áhrif á jarðmyndanir. Fram kemur að svæðið sem um ræði sé þakið lausum jarðefnum, sandi og lífrænum jarðvegi og fari línuleiðin ekki um nútímahraun. Ekki sé vitað til þess að verndaðar jarðminjar séu á strengleiðinni.

Áhrif á gróður. Fram kemur að línuleiðin liggja að mestu meðfram vegum og þar af leiðandi hafi gróðri þegar verið raskað á stærstum hluta leiðarinnar. Strengleiðin liggja um graslendi, móa, mýrar, ræktað land og sendin svæði. Að teknu tilliti til þess að strengleiðin verði að talsverðu leyti meðfram vegum og um lítt gróin, sendin svæði sé ekki talið að rask á gróðurlendi verði umfangsmikið. Áhrif á mýrar séu talin óveruleg þar sem hvergi sé um að ræða óröskuð mýrarsvæði og skurðum yfirleitt fylgt.

Áhrif á fugla. Fram kemur að fuglalíf sé fjölbreytt á svæðinu og sé svæðið í heild sinni mikilvægt búsvæði fyrir ýmsar fuglategundir. Strengurinn muni liggja um fuglafriðland í Flóa sem hafi verið skilgreint hverfisverndarsvæði skv. samningi sveitarfélagsins Árborgar og Fuglaverndarfélag Íslands. Samningurinn kveði á um að hægt sé að leyfa framkvæmdir sem tengist eðli og hlutverki svæðisins og séu í þágu almennings. Ekki sé talið að um verulega röskun á friðlandinu eða búsvæðum fugla verði að ræða enda sé sá hluti línuleiðarinnar sem sé innan friðlandsins, meðfram vegum. Framkvæmdin sé í þágu almennings og samræmist því skilmálum hverfisverndarinnar. Á framkvæmdatíma geti lagning jarðstrengs haft neikvæð áhrif á búsvæði fugla en vegna takmarkaðs umfangs og nálægðar við veg sé talið líklegt að þau áhrif verði óveruleg.

Áhrif á verndarsvæði. Fram kemur að línuleiðin liggja að hluta um svæði sem sé á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts votlendis með gróskumiklum gróðri og fjölbreyttu fuglalífi. Þar sem strengleiðin liggja utan til á svæðinu, að mestu meðfram vegi, skurði eða á ræktuðu landi, sé ekki talið að framkvæmdin hafi áhrif á verndargildi svæðisins.

Áhrif á fornminjar. Fram kemur að línuleiðin liggja að mestu leyti á röskuðu landi. Ekki séu þekktar fornleifar á leiðinni samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélaganna.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd sé hvorki á Aðalskipulagi Árborgar 2010-2020 né á Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 og kalli framkvæmdin í báðum tilfellum á breytingu á skipulagi. Bæði á Selfossi og í Þorlákshöfn kunni að vera í gildi deiliskipulag sem gæti þurft að breyta.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum sveitafélagsins Árborgar, sveitarfélagsins Ölfuss, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Orkustofnunar og Vegagerðarinnar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í fyrri umsögn Minjastofnunar Íslands kom fram að stofnunin teldi að ekki lægju fyrir fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhugaðri jarðstrengsleið milli Selfoss og Þorlákshafnar og því ekki hægt að meta áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Stofnunin taldi að framkvæmdin ætti að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum Landsnets kemur fram að fyrirtækið hafi fengið Fornleifafræðistofuna til að skrá fornleifar á fyrirhugaðri lagnaleið og fyrir liggja skýrsla um skráninguna. Í skýrslunni kemur fram að kannað hafi verið 50 m breitt svæði meðfram jarðstrengsleiðinni og hafi verið skráðar 5 fornleifar á leiðinni. Fram kemur að í skýrslunni sé lagt til að lega jarðstrengsins verði færð a.m.k. 5 m vestur fyrir Stokkhól, að snið verði grafin í garð og að fornleifafræðingur þurfi að hafa eftirlit með framkvæmdum í nágrenni Óseyrarness og Dreptokks.

Í síðari umsögn sinni tekur Minjastofnun Íslands undir tillögur Fornleifafræðistofu um mótvægisáðgerðir og gerir þær að sínum. Fram kemur í umsögninni að að því gefnu að farið verði eftir þessum tillögum telji stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að fari verði að tillögum fornleifafræðings við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að strengleiðin fylgi að mestu leyti núverandi vegum og lagnaleiðum. Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði á kaflanum þar sem strengleiðin víki frá Eyrarbakkavegi nr. 34 við Hreppamarkaskurð og þaðan að Óseyri. Á þessum kafla mun strengurinn liggja um svæði á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts votlendis og fuglalífs. Strengleiðin muni einnig liggja um fuglafriðland í Flóa sem hafi verið skilgreint með hverfisvernd skv. samningi Árborgar og Fuglaverndarfélagss Íslands. Í samningnum er m.a. kveðið á um endurheimt votlendis og telur Umhverfisstofnun að strengurinn, auk slóðar sem á köflum verði lögð meðfram honum muni hafa enn frekari neikvæð áhrif á votlendi og jafnframt skerða möguleika til endurheimtar votlendis. Umhverfisstofnun vill benda á að votlendi stærra en 3 ha skal njóta sérstakrar verndar sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og ber að forðast röskun slíkra vistkerfa eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur að í samræmi við ofangreinda lagagrein hefði átt að leggja fram valkost sem gerði ráð fyrir að strengleiðin fylgdi Eyrarbakkavegi alla leið frá Selfossi að Óseyri og með þeim hætti væri unnt að forðast röskun votlendis. Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa talsverð neikvæð áhrif á votlendi, en framkvæmdin í heild muni þó ekki hafa umtalverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að strengurinn liggja að mestu austan og utan fuglaverndarsvæðisins, nema næst þjóðvegi sem einnig sé innan fuglaverndarsvæðisins. Þar sem strengurinn liggja innan svæðis á náttúruminjaskrá liggja hann með skurðum og/eða slóðum að mestu. Því sé ekki um umtalsvert rask á votlendi að ræða vegna en engu að síður sé mikilvægt að jarðraski verði haldið í lágmarki og gengið vel frá að framkvæmdum loknum. Þar sem vikið sé frá vegi verði reynt að takmarka slóðagerð eins og hægt sé. Fram kemur að við skoðun á strengleiðum hafi m.a. verið athuguð að leggja strenginn alla leið meðfram þjóðvegi en sú leið sé lítilla lengri og jafnframt sé þar þröngt um vik vegna annarrar landnotkunar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu 66 kV jarðstrengs og ljósleiðara um 28 km leið á milli Selfoss og Þorlákshafnar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lið 3.b. í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að fyrirhugaður strengur verður að mestu leyti lagður um raskað svæði eða svæði sem er ekki viðkvæmt fyrir raski. Að mati Skipulagsstofnunar verða helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar vegna rasks á votlendi bæði vegna strengjalagnar og slóðagerðar á all löngum kafla auk þess sem strengurinn ásamt slóð mun liggja um svæði á náttúruminjaskrá og að hluta innan fuglafriðlandsins í Flóa sem nýtur hverfisverndar. Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa talsverð neikvæð áhrif á votlendi auk þess sem þær kunna að hafa nokkur neikvæð áhrif á fuglalíf í friðlandinu á framkvæmdatíma. Að auki má gera ráð fyrir ónæði af framkvæmdum innan þéttbýlis á Selfossi á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að þar sem vikið er frá vegi verði reynt að takmarka slóðagerð eins og hægt er og á það sérstaklega við þar sem framkvæmdir verða á votlendissvæði. Einnig leggur stofnunin áherslu á að Landsnet þurfi að tryggja að farið verði að tilmælum Minjastofnunar Íslands um endanlegt leiðaval, könnun á fornleifum með sniðgrefti og að fornleifafræðingur hafi eftirlit með framkvæmdum í nágrenni Óseyrnar og Drepstokks.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af Landsneti við tilkynningu og umsagnir og viðbrögð Landsets við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning jarðstrengs og ljósleiðara frá Selfossi til Þorlákshafnar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélaganna Árborgar og Ölfuss skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Gera þarf breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaganna áður en framkvæmdaleyfi er gefið út. Framkvæmdin er einnig háð leyfi Orkustofnunar skv. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og leyfi Vegagerðarinnar fyrir lagningu jarðstrengs á skilgreindu veghelgunarsvæði samkvæmt vegalögum nr. 80/2007.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 2. desember 2013.

Jakob Gunnarsson



Valur Klemensson

Skipulagsstofnun